

## Fundur í Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps, Végarði, 28.08 2018

---

Mættir voru allir nefndarmenn: Hallgrímur Þórhallsson, Eyjólfur Yngvason, Gunnar Jónsson, Hjörleifur Kjartansson og Jóhann F. Þórhallsson.

1. Jafnað niður í göngur. Dagsverkum var fjölgað um fjögur í aðra göngu á Múla til að smala frá Þorgerðarstöðum og út í Langhús. Einnig voru þeir dagar sem voru reiknaðir sem hálf dagsverk gerðir að heilum dagsverkum. Samtals er þetta fjölgun um 9,5 dagsverk. Jafnað var niður 137 dagsverkum á 5.662 kindur.

Gangnastjórar eru skipaðir:

- Í Rana: Hallgrímur Þórhallsson
- Undir Fellum: Gunnar Jónsson
- Múli: Hjörleifur Kjartansson
- Gilsárdal, Villingadal og Flatarheiði: Hjörtur E. Kjerúlf
- Kiðafell: Hjörleifur Kjartansson
- Rekstrarstjóri út Norðurdal: Benedikt Jónasson
- Útheiði: Eiríkur J. Kjerúlf
- Réttarstjóri í Melarétt: Hjörtur E. Kjerúlf, til vara Þorvarður Ingimarsson

Lagt verður af stað í fyrstu göngu 18. september Undir-Fell og 19. september í Rana og á Múla.

Lagt verður af stað í aðra göngu 4. október Undir-Fell, 6. október í Rana og 11. október á Múla.

Réttað verður í Melarétt, laugardag 22. september. Rekstur úr safnhólfi hefst kl. 11 og byrjað verður að rétta kl. 13.00.

Stefnt skal að smölun á Hraunum og Kiðafelli 14. september.

Fjallskilanevnd óskar eftir því að smölun á Hraunum og önnur ganga á Kiðafell verði greidd af sveitarfélaginu eins og verið hefur, þ.e. um 6 dagsverk.

2. Réttardagur 2019 verður 21. september.
3. Önnur fjallskilamál. Fyrir flutning á fé sem kemur úr aðliggjandi sveitum er óskað eftir að sveitarfélagið greiði fyrir flutning eins og verið hefur. Unnið verði að lagfæringum á Melarétt, Sturluflatarrétt og Egilsstaðarétt. Fjallskilastjóra falið að athuga með veitingar í Pilsvangi.

Óskað er eftir að trjágróður verði sagaður frá götum innst í Þorgerðarstaðaskógi innan við Stöppuklif.

Rætt hefur verið við ábúendur á Valþjófsstað um safnhólf.

Fjallskilanevnd óskar eftir því við gangnastjóra að þeir skili inn dagbók til fjallskilastjóra fyrir 1. nóvember þar sem fram kemur dagsetning gangnadaga, hverjir voru gangnamenn, fjárfjöldi sem smalað var og hvernig til tókst með gönguna.

Fjallskilanevnd ræddi breytta tilhögun á göngum, og í því sambandi er stefnt að því að á næsta hausti verði Útheiði (heimalönd) frá Bessastaðará og út að Hrafnsgerðisá samsmöluð 20. september eða daginn fyrir Melarétt.

Fjallskilanevnd vill hvetja gangnamenn til að vera með talstöðvar og að vera í sjálflýsandi vestum í göngum.

Fjallskilanevnd beinir því til sveitarstjórnar að endurbyggja og viðhalda gamla gangnakofanum og hesthúsi í Fjallaskarði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23.55

Fundargerð ritaði; Jóhann F. Þórhallsson

Gunnar Jónsson (sign)

Hallgrímur Þórhallsson (sign)

Hjörleifur Kjartansson (sign)

Eyjólfur Yngvason (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

*Úrdráttur úr Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.*

### **Um fjallskil að hausti.**

12. grein.

„ Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en um síðustu helgi í september, og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir, upprekstarlönd og önnur heimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju og skal **annarri göngu lokið eigi síðar en 15. október.**“

13. grein.

„ Hver bóndi eða jarðareigandi , hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðijarða, þó þeir eigi þar ekki fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er“.